# Frístundamiðstöðin
# Miðberg
## Starfsáætlun 2025-2026



**Framtíðarsýn skóla- og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit:

Inngangur ........ 3
Skipurit Miðbers ........ 5
Hlutverk/gildi Miðbergs ........ 6
Greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á síðasta ári ........ 8
Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar ........ 17
Áskoranir, markmið og aðgerðir ........ 19
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins ........ 25
Samstarf ........ 25
Jafnréttisáætlun ........ 26

## Inngangur

Starfsáætlun frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs 2025-2026 er unnin út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030, stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025 og samþykkt borgarstjórnar um þróunarverkefnið Betri borg fyrir börn. Tekið er mið af lögum og reglugerðum varðandi starfið, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana og rannsóknum á stöðu barna og unglinga í hverfinu. Starfsskrá frístundamiðstöðva skóla- og frístundasviðs (2015) er svo kjölfesta þess starfs sem fram fer á vegum frístundamiðstöðva og skipar veigamikinn sess, ásamt starfsáætlun ár hvert, við framkvæmd og skipulag frístundastarfs fyrir börn og unglinga í Reykjavik. Tilgangur starfsáætlunar er að gera starf frístundamiðstöðva markvissara með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf frístundamiðstöðvarinnar gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verður að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni.

Starfsætlunin tekur gildi 1. september 2025 og gildir til 31. ágúst 2026 og er hægt að nálgast hana á heimasíðu Miðbergs. Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar gera aðgerðaráætlanir fyrir starfsárið út frá starfsáætlun frístundamiðstöðvarinnar.

Frístundamiðstöðin Miðberg stendur fyrir fjölbreyttu frístundastarfi fyrir börn og unglinga á aldrinum 6 – 16 ára í Breiðholti. Miðberg stendur einnig fyrir ýmsum verkefnum sem stuðla að því að styrkja félagsauð hjá íbúum hverfisins. Frístundamiðstöðin heldur utan um starfsemi Flotans vettvangsstarfs félagmiðstöðva og sér um ungmennastarf fyrir 16 -20 ára í Breiðholti í samstarfi við Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Hjá Miðbergi starfa um 150 starfsmenn og af þeim eru 40 í fullu starfi. Starfsstaðir Miðbergs eru sex frístundaheimili og fjórar félagsmiðstöðvar auk stjórnendateymis frístundamiðstöðvarinnar. Stjórnendateymi Miðbergs eru eftirfarandi; Helgi Eiríksson, Kristrún Lilja Daðadóttir, Herdís Snorradóttir og Óttar Möller. Starfsmannahópur Miðbergs er með fjölbreytta menntun, bakgrunn og reynslu. Verkefni starfsfólksins eru margvísleg og krefjast sérhæfingar og sérþekkingar.

Í starfi Miðbergs er lögð áhersla á að börnum frá 6 – 16 ára standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Starfið styður við félagsþroska og vináttuþjálfun í gegnum frjálsan leik, skapandi smiðjur og klúbba. Lögð er áhersla á þverfaglegt samstarf milli frístundaheimila og félagsmiðstöðva Miðbergs með skapandi viðburðum eins og Breiðholt got talent, kvikmynda- og leiklistarhátíð, hrekkjavöku og þátttöku í Barnamenningarhátíð Reykjavíkur. Einnig er lögð mikil áhersla á þverfaglegt starf með grunnskólum, Suðurmiðstöð, íþróttafélögum og félagssamtökum í hverfinu með verkefnum eins og nemendaráðum/unglingaráðum, lausnateymum, innleiðingu farsældarlaga og með verkefninu Íþróttir í Breiðholti.

Helstu samstarfsaðilar Miðbergs eru Suðurmiðstöð, grunnskólar, leikskólar, íþróttafélög og félagasamtök í hverfinu. Helstu markmið starfsáætlunar 2025-2026 er að auka framboð af fjölbreyttu hópastarfi í öllu starfi frístundamiðstöðvarinnar og leggja áherslu á snemmtæka íhlutun með verkefnum eins og Farsæld til framtíðar, Senter og Læsi allra mál. Einnig verður aukin áhersla á lista- og menningarstarf annarsvegar og heilsu og hreyfingu hins vegar með þátttöku í verkefninu heilsueflandi Breiðholt. Miðberg leggur áherslu á lýðræðislega starfshætti og aðferðafræði reynslunáms í starfi með börnum og unglingum.

## Skipurit Miðbers



## Hlutverk/gildi Miðbergs

**Hlutverk Miðbergs**

- Að styrkja félagsþroska, virkni, ábyrgð, sjálfsmynd og sjálfstæði barna og unglinga í hverfinu.
- Að efla og þróa fagumhverfi frítímaþjónustu í Breiðholti.
- Að efla og þróa samstarf við aðra þá aðila sem þjónusta börn og unglinga í hverfinu.

**Gildi Miðbergs**

**Virðing**

- Mannréttindi, jafnrétti og lýðræði eru hornsteinar í öllu okkar starfi. Við sýnum virðingu og vinnum saman af metnaði að faglegu starfi og forvörnum.

**Gleði**

- Við nálgumst viðfangsefni okkar með gleði, væntumþykju og jákvæðni að leiðarljósi.
- Grunnurinn að góðri samvinnu er heiðarleiki, traust og ábyrgð.

**Frelsi**

- Hjá okkur fær einstaklingurinn frelsi til að skapa og taka þátt í leik og starfi á sínum forsendum. Fögnum fjölbreytileikanum.

**Leiðarljós í frístundastarfi**

- Virk þátttaka
- Reynslunám
- Lýðræði
- Mannréttindi
- Forvarnarstarf

**Uppeldisgildi frístundastarfs**

- Forvarnargildi
- Menntunargildi
- Afþreyingargildi

**Lykilfærni í frístundastarfi**

- Sjálfsmynd
- Umhyggja
- Félagsfærni
- Virkni og þátttaka

**Meginàherslur**

**Menntastefna:**

✓ Félagsfærni

✓ Sjálfsþekking

✓ Læsi

✓ Sköpun

✓ Heilbrigði

**Frístundastefna:**

✓ Fjölbreytt og skemmtilegt

✓ Virk þátttaka

✓ Jöfnuður

✓ Forvarnir og lýðheilsa

✓ Fagmennska

**Starfsskrá frístundamiðstöðva:**

✓ Sjálfmynd

✓ Umhyggja

✓ Félagsfærni

✓ Virkni og þátttaka

**Verkefnið Betri borg fyrir börn:**

✓ Bæta þjónusta og nýtingu fjármagns

✓ Þéttara samstarf

✓ Þjónustuna nær skólaumhverfi

✓ Snemmtæk íhlutun

✓ Styðja betur við starfsfólk

✓ Stjórnun stofnana nær vettvangi

## Greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á síðasta ári

Frístundamiðstöðin Miðberg þurfti að glíma við margar áskoranir starfsárið 2024-2025. Húsnæðis og aðstöðumál félagsmiðstöðva og frístundaheimila í Breiðholtinu hafa tekið mikinn tíma frá stjórnendateymi Miðbergs. Félagsmiðstöðin Hundrað&ellefu þurfti að flytja úr sínu húsnæði og hefur haft starfsemina í kjallara Fellaskóla meðan að það er beðið eftir nýju húsnæði í Gerðubergi 3-5. Félagsmiðstöð fyrir 16+ hefur verið á vergangi frá vorönn 2025 og verið tímabundið með starfsemi á þremur stöðum meðan að það er beðið eftir húsnæði við Völvufell. Frístundaheimilið Hraunheimar fór í gegnum talsverðar breytingar í sumar til þess að bæta aðgengi fyrir fatlaða og uppfæra flóttaleiðir í húsnæðinu. Frístundaheimilið Vinaheimar í Ölduselsskóla er tímabundið í kjallara Fellaskóla á meðan unnið er að viðhaldi vegna rakaskemmda í Ölduselskóla. Á sama tíma hefur þurft að vinna að viðhaldi í frístundaheimilunum Regnboganum og Álfheimum sem hefur valdið ákveðnu raski í starfseminni án þess að það hafi komið til flutninga á starfsemi.

Enn einn veturinn tók langan tíma að ráða inn starfsfólk í barnastarfið. Mönnunarvandinn bitnar helst á börnunum og fjölskyldum þeirra og fjöldi barna í 3.-4. bekk vildu ekki þiggja pláss í frístundaheimilum þegar þeim bauðst það. Frístundaheimilin í Breiðholti taka þátt LÆM verkefninu (Læsi allra mál) en verkefnið fékk b-hluta styrk og er samstarfsverkefni Suðurmiðstöðvar og leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila í Breiðholti. Frístundaheimilin hafa undafarin ár lagt mikla áherslu á frístundalæsi og almenn læsisverkefni.

Í unglingastarfi eru helstu áskoranir vegna húsnæðismála félagsmiðstöðvanna Hundrað&ellefu og húsnæðis fyrir 16+ starfið. Það er mjög erfitt að halda úti góðu og faglegu starfi þegar aðstaðan er ekki til staðar en það horfir allt til betri vegar með vorinu 2026. Starfsfólk félagmiðstöðva hefur þurft að bregðast við vegna einstaklinga sem eiga við mikinn vanda að stríða en fá ekki úrræði við hæfi. Einstaklingar sem glíma við fíknivanda eða hafa verið að beita grófu ofbeldi eru ekki að fá úrræði við hæfi vegna skorts á þeim eða vegna biðlista. Starfsfólk félagsmiðstöðva hefur þurft að stórauka vettvangsstarf og hópastarf fyrir unglinga með flóknari vandamál en mikilvægt er að minnast þess að langflestum unglingum í hverfinu líður vel en of mörgum börnum og unglingum líður illa og þurfa meiri

stuðning en er í boði í dag. Það er mjög mikilvægt að auka snemmtæka íhlutun í félagsmiðstöðvastarfi en þá þarf að auka og styrkja starf fyrir börn í 10-12 ára starfi.

Innleiðing Laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna gengur vel á öllum starfsstöðum okkar, lausnateymi eru öflug við alla grunnskóla og samstarf frístundastarfs, grunnskóla og Suðurmiðstöðvar verður sterkara með hverju árinu.

**Frístundaheimilin**

Álag var mikið á frístundaheimilum Miðbergs um veturinn vegna manneklu og krefjandi að halda áætlun í faglegu starfi og faglegri dagskrá. Einnig settu fjarvera og afleysingar í stjórnendahópi frístundaheimilanna mark sitt á starfið. Sterkur starfsmannahópur hefur myndast á nokkrum starfsstöðum á meðan meira rót og stöðuleysi hefur verið á öðrum. Það hefur mikil áhrif á daglegt starf þegar ístöðuleysi og nýliðbragur er á starfsmannahópnum. Sá sterki starfsmannagrunnur sem við erum með í stjórnendum og almennu starfsfólki skilar sér í þrautseigju og dugnaði og þannig náum við að halda floti þrátt fyrir margar áskoranir í starfi og starfsmannhóp.

Starfsfólk frístundaheimila Miðbergs var eins og oftast í miklu og góðu samstarfi yfir veturinn, bæði um verkefni sem allir gátu unnið eftir sínu nefi sem og að sameiginlegum verkefnum og viðburðum eins og árin áður. Frístundaheimilið Vinafell í Fellaskóla tengdist starfi frístundaheimila Miðbergs meira en oft áður og unnu með í hugmyndavinnu fyrir innra starfið.

Sameiginlegu verkefni frístundaheimila Miðbergs, leiklist, kvikmyndasmiðjur og Breiðholt Got Talent, héldu sínum velli og er alltaf jafn vinsælt hjá bæði börnum og foreldrum. Benedikt búálfur var leikrit 1. og 2. bekkja og vakti mikla hrifningu foreldra og barna á svæðinu. Húsfyllir og rúmlega það var á Breiðholt Got Talent og var frístundaheimilið Vinasel með siguratriðið að þessu sinni. Kvikmyndahátíðin „***Filman***“ var með sama sniði og árið áður þ.e. mest í höndum

barnanna og heppnaðist vel. Til stóð að vera með sameiginlegt dansverkefni eftir vel heppnað verkefni árið áður en það tókst því miður ekki að ráða inn sérhæfðan starfsmann.

Nokkur ný verkefni litu dagsins ljós þennan vetur. Við efldum samstarf við Mixtúru um Búnaðarbankann og spruttu úr því verkefni með cricut vél. Frístundaheimilin í Miðbergi stofnuðu miðlæg læsisteymi sem sá um læsistengd verkefni, m.a. var gefið út mánaðarlegt barnablað sem var unnið af börnum fyrir börn undir handleiðslu starfsmanna og var það gríðarlega vinsælt hjá börnunum. Teymið sá um að útbúa merkingar á frístundaheimilin, þar sem hinir ýmsu hlutir voru merktir til svo sem „borð“, „veggur“, „kubbar“, til að styrkja íslenskt málumhverfi fyrir bæði börn og starfsfólk. Einnig sá læsisteymið um vinaviku í kringum „Dag gegn einelti“ og voru ýmis skemmtileg vinaverkefni unnin til að minna á gildi vináttu og samvinnu.

Við vorum með okkar árlegu íþróttaviku að hausti þar sem við höfðum heila viku þar sem við kynntum eina „íþróttagrein“ á dag, bæði hefðbundnar og óhefðbundnar íþróttir. Foreldratengdir viðburðir voru bæði fjölmennir og vel heppnaðir eins og áður og má ber þar hæst jólaföndur-kaffi, Bóndadagskaffi og Góukaffi.

Sumarið fór af stað með ágætum með góðu en misreyndu starfsfólki og smávægilegum áherslubreytingum í starfi. Sumarfrístund gekk almennt vel þar sem veðrið hefur mikil áhrif á dagskrá en veður var frekar milt þó að sólin léti ekki alltaf sjá sig. Eins og síðustu sumur voru þemaskiptar vikur með fjölbreytta dagskrá og eru viðfangsefnin misvinsæl eins og gengur. Við byrjuðum með biðlista á flestum stöðum og höfðum ekki starfsfólk til að stækka námskeiðin en biðlistarnir minnkuðu þegar leið á sumarið. Lokað var í fjórar vikur og var ákveðið að prófa að loka um miðja viku og opna aftur tveimur dögum eftir frídag verslunarmanna. Hvað barnafjölda varðar þá kom þetta svipað út en starfsfólk var mjög ánægt með breytinguna og óskaði eftir að þetta væri komið til að vera.

**Almennt starf félagsmiðstöðva**

Þátttaka í starfi félagsmiðstöðvanna var mjög góð. Rík áhersla er lögð á unglingalýðræði í öllu starfi félagsmiðstöðvanna og er dagskrárgerð í höndum unglinganna. Reglulega eru haldnir opnir stórfundir þar sem öllum unglingum gefst kostur á að koma sínum hugmyndum á framfæri. Þá gefst þeim kostur á að senda inn hugmyndir sínar að dagskrárliðum í gegnum samfélagsmiðla og við förum í skólana með hugmyndabox. Unglingarnir eru hvattir til þess að fylgja sínum hugmyndum úr hlaði og þannig öðlast þau reynslu í viðburðarstjórnun í gegnum óformlegt nám félagsmiðstöðvastarfsins. Starfsfólk situr einnig fundi eða stýrir nemendaráðum skólanna og á í góðu og nánu samstarfi við félagsstarfskennara. Í þeim félagsmiðstöðvum sem þjónusta fleiri en einn grunnskóla sinnir félagsmiðstöðin því hlutverki að samræma dagskrá milli skóla og hvetja til aukins samstarfs.

Félagsmiðstöðvarnar tóku þátt í þeim viðburðum sem haldnir voru á vegum Samfés, Samtaka félagsmiðstöðva og ungmennahúsa, á síðasta starfsári. Góð þátttaka var á Samfestingnum, Söngkeppni Samfés, rafíþróttamótum og þeir unglingar sem fóru á landsmót Samfés skemmtu sér vel. Einnig héldum við viðburðinn Rímnaflæði í samstarfi með Samfés og var það vel heppnaður og vel sóttur viðburður.

Náttfatanótt, 8. bekkjarferð, Breiðholt got Talent, skíðaferð, hinsegin vika, þemavikur og fleiri fastir viðburðir tókust vel. Nýr sameiginlegur viðburður var á dagskrá í janúar, en þá héldu félagsmiðstöðvarnar sameiginlegt ball, Breiðholtsballið. Það gekk vonum framar og verður haldið aftur. Í ár verður hæfileikakeppnin og söngkeppnin aðskyldir viðburðir og bætist því einn fastur viðburður við starfsárið okkar.

Við upphaf vetrarstarfsins gekk tíu12 ára starfið vel. Mætingin í starfið er góð þó vissulega væri vænlegt að vera með meira fjármagn og sér forstöðumann yfir miðstiginu til að sinna því betur og vinna faglegra starf með þeim. Aukið fjármagn í tilraunaverkefni á miðstigi tveggja skóla Breiðholtsins sýnir svart á hvítu mikilvægi aukins frístundastarfs fyrir þetta aldursbil og er því mikilvægt að skoða að alvöru þann valmöguleika að halda úti auknu starfi fyrir 10-12 ára aldurinn með sér starfshópi.

**Ungmennaráð 2024-2025**

Ungmennaráð Breiðholts samanstendur af 16 virkum meðlimum. Ungmennin í ráðinu eru bæði á grunnskóla og menntaskólaaldri. Í ár varð mikil endurnýjun í ráðinu og meirihlutinn er úr grunnskólunum. Ráðið fundar vikulega og hafa fundirnir verið haldnir í Bakkanum, Hólmaseli og í Hundrað&ellefu til skiptis. Það hefur gengið vel að hafa fundina vikulega og mæting hefur verið góð. Fundirnir hjá ráðinu hafa verið nýttir í að ræða hin ýmsu málefni sem ráðið hefur áhuga á og eru einnig nýttir í að undirbúa stærri verkefni og viðburði sem ráðið tekur þátt í.

Í ár var ákveðið að ungmennaráð myndi sjá um undirbúning á Breiðholtsballinu, sem var haldið í janúar 2025 fyrir allar félagsmiðstöðvar í Breiðholti. Ráðið sá um að búa til auglýsingar fyrir ballið, hafa samband við tónlistarmenn og setja út kynningarefni á samfélagsmiðla. Einnig tóku þau þátt í uppsetningu og skreytingum daginn sem ballið var haldið. Ballið var vel heppnað og vel sótt og ungmennaráðið mun koma aftur að skipulagningu á Breiðholtsballinu á næsta skólaári.

Ungmennaráðið tók einnig þátt í árlegum fundi með borgarstjórn Reykjavíkur þar sem hver borgarhluti fær að koma með tillögur inn í borgarstjórn. Í ár var tillagan frá ungmennaráði Breiðholts um að hækka aldurinn á þeim sem geta notað frístundakortið upp í 20 ár til þess að stuðla að aukinni þátttöku í íþróttum og tómstundum hjá nemendum á framhaldsskólaaldri. Tillagan var samþykkt og fór til afgreiðslu hjá menningar-, íþrótta- og tómstundaráði.

Í febrúar tóku nokkrir meðlimir Ungmennaráðsins þátt í ungmennaskiptum í Óðinsvé í Danmörku. Farið var í 6 daga ferð til Danmerkur með 15 manna hóp úr Breiðholti og fékk hópurinn tækifæri á að kynnast jafnöldrum frá Óðinsvé og taka þátt með þeim í mismunandi verkefnum. Önnur verkefni sem ráðið tók að sér í ár var meðal annars að skrifa grein í fjölmiðla um fordóma gagnvart Breiðholti. Greinin vakti mikla athygli á samfélagsmiðlum og endaði á að meðlimir úr ráðinu voru fengin til þess að fara í sjónvarpsviðtal hjá RÚV.

**Sumarstarf félagsmiðstöðva**

Við vorum með þrjá sumarhópa í samvinnu við Vinnuskólann og gekk það mjög vel. Tveir hópar voru fyrir unglinga í 8. bekk og einn hópur fyrir unglinga í 9. bekk. Unnið er markvisst að sjálfseflingu unglinganna og lagt upp með að allir unglingar sem eru með sérstakan stuðning í félagsmiðstöðvastarfi séu þátttakendur í hópastarfinu. Allir unglingar sem taka þátt í vinnuskólahópunum fara með í útilegu okkar og er það partur af sjálfseflingu unglinganna og markvisst gert til að þau kynnist betur milli hverfa Breiðholtsins. Sumaropnanir á kvöldin gengu líka vel en misgóð mæting eftir kvöldum. Starfsfólk fór líka alltaf í vettvangsstarf þegar færi gafst.

Sumarstarf Tíu12 ára gekk mjög vel og fullbókað var flesta daga hjá okkur. Mikil ánægja er meðal barna og foreldra með fyrirkomulag námskeiða. Börnin höfðu tök á að mæta í allar félagsmiðstöðvarnar og starfið stóð yfir í 6 vikur. Vinsælustu dagarnir voru eins og svo oft áður m.a. bíóferðin, FlyOver Iceland og slímgerð og gengu þeir mjög vel. Þeir dagar sem voru fámennari, m.a. lautarferðin og sundferðir, gengu líka eins og í sögu og voru mjög skemmtilegir. Opið var í tveimur félagsmiðstöðum í einu og flakkað var á milli staða í sumar. Hugmyndin er að á næsta ári verði skráningin öll á sama stað, burt séð frá félagsmiðstöð barns. Börnin mæta svo þar sem þeim hentar best. Almennt gekk sumarið mjög vel fyrir sig og allir skemmtu sér vel.

**Kennsla og hópastarf**

Forstöðumenn, aðstoðarforstöðumenn og frístundaráðgjafar sáu um kennslu í lífsleikni og sjálfseflingu í unglingadeildum í Fellaskóla, Hólabrekkuskóla og Breiðholtsskóla. Þá eru þau með kynfræðslu fyrir 7.-10. bekk í Seljaskóla og Ölduselsskóla og sjá um valáfanga fyrir Fellaskóla, Hólabrekkuskóla og Ölduselsskóla. Starfsmenn okkar kenna t.d. rafíþróttir, nördaval, stúdíóval, borðtennis- og pool val. Allt samstarf við skólana var til fyrirmyndar og gekk vel.

Hópa- og klúbbastarf gekk einnig vel hjá okkur. Dungeons and dragons er enn vinsæll klúbbur í félagsmiðstöðvunum og við höfum ráðið starfsmann með sérþekkingu til að halda utan um þann klúbb. Lagt hefur verið mikið upp úr því að halda úti útivistarklúbbum eftir árstíðum líkt og veiðiklúbbi og útivistarklúbbi þar sem farið var í ferðir vísvegar um nágrenni höfuðborgarsvæðisins líkt og göngu um Búrfellsgjá, hellaferð, sjósund og fleira. Við vorum með hópastarf fyrir börn í áhættuhegðun, hóp fyrir unglinga sem sýna væga áhættuhegðun og annan fyrir unglinga sem sýna mikla áhættuhegðun. Einnig var hópastarf fyrir félagslega einangraða krakka.  Mjög góð samvinna hefur verið við alla grunnskólastjórnendur, félagsstarfskennara og námsráðgjafa í Breiðholti.

Tilraunaverkefnið Farsæld til framtíðar var tilnefnt til hvatningarverðlauna skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar 2025 og héldum við þar að auki fyrirlestur um verkefnið á Höfuð í bleyti í maí 2025. Verkefnið Farsæld til framtíðar hlaut styrk úr B-hluta þróunarsjóðs og heldur áfram skólaveturinn 2025-2026. Þar að auki er verkefnið einnig komið af stað í 7. bekk í Breiðholtsskóla.

Félagsmiðstöðin Hólmasel hóf snjalla vegferð með foreldrakvöldum einu sinni í mánuði undir heitinu Foreldrahermirinn. Markmiðið var að gefa foreldrum innsýn í starfið og sýna þeim frá fyrstu hendi af hverju börnin þeirra sækja starfið eða ættu að gera meira af því. Á sama tíma fá foreldrar tækifæri til að kynnast öðrum foreldrum og starfsfólkinu.  Þetta heppnaðist mjög vel og  fengum við hvatningaverðlaun skóla– og frístundaráðs Reykjavíkur.

**Hellirinn**

Í Hellinum, sértækri félagsmiðstöð, gekk starfsárið frábærlega. Þátttakendafjöldinn hélst stöðugur milli ára en töluvert fleiri unglingar voru í félagsmiðstöðinni þetta skólaárið en þátttakendur á miðstigi. Mjög vel gekk að ráða inn starfsfólk og fengu þátttakendur þá vistun sem þeir óskuðu eftir strax frá upphafi skólaárs. Áfram var mikil áhersla á útidagskrá og var Hellirinn í góðu samstarfi við sundlaugar og bókasöfn í borginni ásamt því að fá áframhaldandi afnot af íþróttahúsinu í Breiðholtsskóla tvisvar í viku. Samstarf félagsmiðstöðvanna fjögurra í Breiðholti var öflugt og heimsóttu þátttakendur Hellisins félagsmiðstöðvar hverfisins í hverri viku. Unglingahellirinn var mjög virkur og voru haldnar kvöldopnanir aðra hverja viku þar sem unglingarnir stjórna dagskránni sjálfir og skiptast á að elda

í Hellinum og fara í dagskrá fyrir utan Hellinn. Sumarnámskeiðin voru vel sótt og hefur vinnuskólahópurinn aldrei verið stærri þökk sé góðu samstarfi við Vinnuskóla Reykjavíkur.

**16+ ungmennavaktir í Miðbergi**

Vetrarstarfið fyrir 16+ felur í sér tvær opnanir í viku. Opnanir eru á fimmtudögum frá kl. 20:00-22:30 og á sunnudögum frá kl. 17:00-20:00. Öll á menntaskóla aldri velkomin. Á fimmtudögum er reynt að halda úti dagskrá eftir því sem að húsnæðisaðstæður leyfa og á sunnudögum er meira næði, vinir koma til að vera saman og einnig er rými til að koma í spjall og leita ráða.  Mikið samstarf er við aðrar stofnanir í hverfinu varðandi lán á húsnæði og búnaði til að gera starfið sem fjölbreyttast og koma inn á áhugasvið sem flestra. Stefnt er að áhugasviðs könnun og skoðun á hvað er hægt að gera fyrir utan húsnæði til að efla og leiða sem flesta í lítilli virkni inn í íþróttir eða aðrar tómstundir. Stefnt er að fleiri opnunum og fjölbreyttari dagskrá þegar starfsemin flytur í nýtt húnsnæði í Völvufelli. Þá bauð ungmennastarfið í Miðbergi 13 ungmennum

**Flotinn – Starfsárið 2024-2025**

Starfsárið 2024  byrjaði Flotinn hefðbundnar vetrarvaktir. Fastar vaktir voru tvisvar í viku á föstudögum og laugardögum, báðar vaktir byrjuðu kl. 19:00 og stóðu til miðnættis. Laugardagsvaktirnar voru í góðu samstarfi við önnur sveitarfélög. Þegar leið á veturinn var ákveðið að byrja vaktina fyrr og hefja hana kl. 18:00 þar sem við tókum eftir að hópamyndanir voru að byrja fyrr um daginn. Eftir áramót var bætt við vöktum á fimmtudögum frá kl. 18:00-22:00. Auk þessara vakta bættust við aukavaktir, meðal annars í kringum vetrarfrí, miðnæturopnun í Kringlunni og fleira.

Á starfsárinu hafa stórar hópasafnanir verið minna áberandi og ofbeldismál hafa líka verið færri en á sama tíma hafa ofbeldismálin verið mun grófari og hafa falið í sér vopnaburð, bæði tilviljunarkenndar árásir og skipulögð slagsmál. Neyslumál hafa aukist og verið mjög þung, við höfum áhyggjur af því að Flotinn er að hitta börn niður á miðstig.

Áfram er unnið með það fyrirkomulag að skila einstaklings málum til viðeigandi félagsmiðstöðvar í Reykjavík sem tekur við málinu og kemur því áfram. Langoftast eru málin það þung að það þarf að skila inn barnaverndartilkynningu og/eða óska eftir að þjónustumiðstöð taki málið fyrir sem bráðamál. Þegar mál barna utan Reykjavíkurborgar koma upp hjá Flotanum er þeim skilað til tengiliðs þess sveitarfélags eða haft beint samband við barnavernd þegar það er óvissa með hver á að taka við málinu. Það hefur færst í aukana að miðstöðvar, barnavernd og MST fulltrúar hafa heyrt í Flotanum til þess að leita í samstarf og teljum við það jákvætt.

Samstarf með lögreglu og nágrannasveitarfélögum hefur verið mjög gott. Flotinn fundar vikulega með samfélagslögreglu þar sem er farið yfir stöðu mála síðustu viku og rætt komandi viku. Flotinn hefur setið á samráðsfundi sveitarfélagana og eins hefur Flotinn verið með fasta fundi með tengiliðum frá nærliggjandi sveitarfélögum og lögreglu til þess að kortleggja og samhæfa verklag.

Starfsárið 2024-2025 var Flotinn með einn 100% starfsmann í stöðu verkefnastjóra, einn 50% starfsmann og í kringum 20 tímavinnustarfsmenn til þess að taka þær vaktir sem voru í boði. Yfir sumarið voru ráðnir inn tveir auka 100% starfsmenn og voru vaktir 6 daga vikunnar bæði á daginn og á kvöldin.

## Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar

| **Hvað var metið?** | **Hvernig fór matið fram?** | **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)** |
|---|---|---|---|
| Starfsánægja, starfsaðstæður, launakjör o.fl. | Stofnun ársins, miðlæg starfsmannakönnun Sameykis og Gallup. Netkönnun. | Starfsmenn. | Félagsmiðstöðin 111 einkunn - 4,85<br>Félagsmiðstöðin Hólmasel einkunn – 4,67<br>Hellirinn – 4,61<br>Álfheimar - 4,14<br>Bakkasel - 4,25<br>Hraunheimar - 4,61<br>Regnboginn - 4,76<br>Vinaheimar - 4,75<br>Vinasel - 4,62<br>Hæsta einkunn er 5. Starfsánægja er mjög mikil á starfstöðum Miðbergs. Helstu áskoranir eru launakjör og hljóðvist. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Vímuefnaneysla unglinga og notkun rafretta. | Spurningalistar til barna í 4.-10 bekk. Íslenska æskulýðsrannsóknin og Rannsóknir og greining. | Unglingar 4.-10. bekk. | Vímuefnaneysla hefur aukist tengd ákveðnum skólum þar sem meðaltal er mun hærra en yfir hverfið og/eða borgina í heild sinni.<br>Notkun rafretta mælist einnig há. |
| **Hvort gátlisti vegna eineltis sé nýttur á frístundaheimilum / félagsmiðstöðvum Miðbergs?** | Spurningavagn, spurningakönnun sem er sendur á forstöðumenn frístundaheimila/félagsmiðstöðva. | Forstöðumenn. | Þrír starfstaðir af sjö nota eða þekkja ekki gátlista. Deildarstjórar fara yfir með forstöðumönnum. |
| **Hvort frístundaheimili Miðbergs séu með barnaráð?** | Spurningavagn, spurningakönnun sem er sendur á forstöðumenn frístundaheimila. | Forstöðumenn frístundaheimila. | Tveir af sex starfstöðum eru ekki með virk barnaráð. Bæta haust 2025. |
| **Nýtir frístundaheimilið gátlista um heilsueflandi frístundaheimili / félagsmiðstöðvar?** | Spurningavagn, spurningakönnun sem er sendur á forstöðumenn frístundaheimila/félagsmiðstöðva. | Forstöðumenn. | Átta af  níu starfsstöðum vinna ekki markvisst. Bæta haust 2025. |

## Áskoranir, markmið og aðgerðir

# 1. Frístundastarfið

| Þættir | Áskoranir/ markmið | Aðgerðir | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/ aðferðir | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Látum drauman a rætast** | Skapa tækifæri fyrir unglinga með fötlun að fara í ungmennaskipti og kynnast jafningjum frá öðru landi. | Ungmennaskipti í Hellinum. Taka á móti hóp af dönskum unglingum með fötlun og fara á móti í heimsókn til þeirra. Sótt um styrk fyrir verkefninu. | Forstöðukona Hellisins | Okt. 2025 | Júní 2026 | Árangur metinn í skýrslu um verkefnið. | Að heimsóknirnar fari fram og unglingarnir kynnist jafningjum frá öðru landi. |
| | Fjölga einstaklingum í starfi sem þurfa stuðning og þjálfa starfsmenn í að vinna með jafningjafræðslu. | Ráðin verður ungliði sem aukastarfsmaður á vakt. | Forstöðumaður 16 + | Haust 2025 | Vor 2025 | Árangur metin með skráningu þátttakenda í starfinu og þeirra sem leita ráðgjafar. | Aukning í starfinu með áherslu á þá sem þurfa stuðning og aukin jafningjafræðsla |
| **Fjölbreytt og skemmtilegt** | Auka útiveru og útinám bara á frístundaheimilum og áhuga barna á því að vera úti. | Frístundaleiðbeinandi fer á milli frístundaheimila. Börnin fá skemmtileg verkefni sem tengjast útinámi og árstíð. Unnið er með verkefni svo sem útieldun, listaverk úr náttúrunni, gönguferðir og leiki í snjónum. | Deildarstjóri barnstarfs og starfskona útnáms | Haust 2025 | Maí 2026 | Deildarstjóri rýnir í dagskrár frístundaheimila og fylgist með þátttöku og áhuga barnanna. | Fleiri stundir í dagskrá frístundaheimila fari fram utandyra veturinn 2025-2026 heldur en árið áður og sýnilegur áhugi barnanna á útiveru. |
| **Sköpun** | Efla þekkingu og áhuga á skapandi tækni. | Aðgengi að stúdíó/hljóðveri með leiðsögn og kennslu á búnað og smáforrit. Að þátttaka og áhugi barna aukist á skapandi verkefnum á milli ára. | Forstöðumenn félagsmiðstöðva | Haust 2025 | Maí 2026 | Fjöldi þátttakenda og skráning á námskeið. | Fjöldi námskeið og fjöldi þátttakenda |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Virk þátttaka** | Læsi og inngilding.<br>Að börn og starfsfólk á frístundaheimilum tileinki sér í auknum mæli íslenskt málumhverfi. | Áfram unnið með íslenskt málumhverfi. Sjónrænar merkingar og orð til aukningar orðaforða hjá börnum og starfsfólki. | Deildarstjóri barnstarfs og forstöðufólk. | Haust 2025 | Maí 2026 | Að merkingar séu sýnilegar og auðveldar. | Hvetjandi fyrir börn og starfsfólk og dragi úr feimni til þess að ræða saman á íslensku. |
| **Félagsfærni** | Barnasáttmálinn. Starfsfólk frá hverri starfseiningu hittist einu sinni í mánuði og undirbýr verkefnin komandi mánaðar. | Unnið með barnalýðræði út frá greinum barnasáttmálans. Barnaráðsfundir haldnir og hugmyndakassar nýttir. | Deildarstjóri barnstarfs og forstöðufólk. | Haust 2025 | Maí 2026 | Mánaðarlegir fundir þar sem verkefni komandi vikna eru útskýrð og rædd. | Þátttaka barna og áhugi. |
| | D og D klúbbur. Starfsmaður kynni D og D og býður þeim að taka þátt í ævintýri í nokkrar vikur í litlum hópi. | Þátttakendur fái tækifæri til að efla félagsfærni og sköpun undir handleiðslu starfsmanns. | Deildarstjóri unglingastarfs/forstöðumaður Hellisins | Sept. 2025 | Júní 2026 | Metið vikulega hvernig tekist hefur til og hvaða rými er til úrbóta. | Þátttaka barna og áhugi. |
| | Sjöunda bekkjar verkefni sem styður við forvarnir á sviði samskipta, félagsfærni og geðræktar með tilliti til félagslegra breyta og fjölbreytileika | Verkefnið „Farsæld til framtíðar" í sjöunda bekk í Hólabrekku, Fella- og Breiðholtsskóla. Kennsla fer fram í árganginum einu sinni til tvisvar í viku. | Deildastjóri unglingastarfs/forstöðumenn félagsmiðstöðva. | Ágúst 2025 | Júní 2026 | Spurningalistar lagðir fyrir í upphafi og reglulega á meðan á verkefninu stendur. | Félagsleg staða, líðan og samkennd sé hærri eftir að verkefni lýkur. |
| **Jöfnuður** | Barnasáttmálinn. Frístundaleiðbeinandi vinnur markviss verkefni og deilir áfram mánaðarlega til frístundaleiðbeinanda á öðrum starfsstöðum | Greinar úr barnasáttmálanum kynntar fyrir börnum og unnið með verkefni svo sem um fjölskylduna, réttindi og forréttindi og umhverfið. | Deildarstjóri barnstarfs og forstöðufólk. | Haust 2025 | Maí 2026 | Mánaðarlegir fundir þar sem verkefni komandi vikna eru útskýrð og rædd. | Þátttaka barna, áhugi og sýnileiki verkefna. |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sjálfsefling** | Frístundalæsi. Frístundaleiðbeinandi sér um að deila verkefnum á mánaðarlegum fundum til ábyrgðaraðila annarra starfseininga. | Unnið með frístundalæsi til sjálfseflingar. Þematengd læsisverkefni svo sem félagslæsi, miðlalæsi og vísindalæsi. | Deildarstjóri í barnstarfs og forstöðufólk. | Haust 2025 | Maí 2026 | Mánaðarlegir fundir þar sem verkefni komandi vikna eru útskýrð og rædd. | Þátttaka barna, áhugi og sýnileiki verkefna. |
| | Kvöldopnanir Hellisins. | Kvöldopnun annan hvern fimmtudag til þess að þátttakendur venjist því að taka þátt í starfi utan dagtíma. | Deildarstjóri í unglingastarfs/forstöðumaður Hellisins | Sept. 2025 | Maí 2026 | Mánaðarleg könnun meðal unglinga og yfirferð á starfsmannafundum. | Áhugi mælist með mætingu á opnanir. |
| **Forvarnir, heilbrigði og lýðheilsa** | Farsæld barna og heillaspor. | Veggspjöld sett upp á frístundaheimilum sem minna á að heilsa og kveðja daglega.<br><br>Veggspjöld um farsæld barna hengd upp sem útskýra farsældina til barna, starfsfólks og foreldra. | Deildarstjóri í barnstarfs og forstöðufólk. | Okt. 2025 | Nóv. 2025 | Veggspjöld unnin af starfsfólki frístundaheimila út frá farsæld og heillaspori. | Að börnum sé heilsað og kvödd daglega og að börnin velji sér kveðju að eigin vali.<br><br>Að börn, starfsfólk og foreldrar séu upplýst um grunnskref farsældarbarna. |
| | Aukið foreldrasamstarf | Mánaðarlegar opnanir fyrir foreldra barna í hverfinu. | Deildarstjóri í unglingastarfs/forstöðumenn. | Okt. 2025 | Maí 2026 | Mæting og þátttaka foreldra, samskipti við foreldrafélög | Foreldrum hverfisins sé ljóst að opið sé einu sinni í mánuði fyrir þau til þess að kynnast starfinu og starfsfólki félagsmiðstöðva. Markmiðið að efla tengsl við foreldra og foreldrafélög. |



LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

# 2. Stjórnun, staðarbragur og mannauður

| Þættir | Áskoranir/markmið | Aðgerðir | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/ aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Látum drauman a rætast** | Efla símenntun stjórnenda Miðbergs | Sækja fag- og stjórnunar tengdar ráðstefnur og námskeið. | Framkvæm dastjóri/deil darstjórar | Haust 2025 | Haust 2026 | Að allir stjórnendur fái tækifæri til að fylgja símenntunaráætlun. | Þátttaka stjórnenda aukist á milli ára. |
| **Fagmenn ska** | Mánaðarleg fræðsla til alls starfsfólks frístundaheimila | Fagaðilar fengnir með fyrirlestra og fræðslu svo sem „Sjálfsmynd og ákveðni", „EKKO" og „Greiningar barna og frávik". | Deildarstjór i barnastarfs | Haust 2025 | Vor 2026 | Að allt starfsfólk hafi tækifæri til símenntunar. | Starfsfólk auki færni og þekkingu sem tengjast vinnu með börnum í frístundastarfi. Að starfsfólk hafi góða færni til að vinna í sjálfstætt og í hóp. |
| | Þýðing á fræðslu til starfsmanna af erlendum uppruna. | Starfsmaður sér um að streyma fyrirlestrum yfir á annað rými þar sem fram fer þýðing yfir á ensku fyrir starfsfólk sem það kýs. | Deildarstjór i barnastarfs | Haust 2025 | Vor 2026 | Að allt starfsfólk hafi tækifæri til símenntunar. | Að starfsfólk af erlendum uppruna fái tækifæri til betri skilnings á fyrirlestrum með því að þýða yfir á ensku og fá tækifæri til umræðu og dýpri skilnings. |
| | Efla fræðslu fyrir allt starfsfólk um farsældarlögin og verkefnið Betri borg fyrir börn: Veita starfsfólki fræðslu um hvernig farsæld snertir alla starfsmenn og börn í skóla- og frístundastarfi. Kynna hlutverk tengiliða og lausnateyma til að auka skilning og samhæfingu. | Fræðsla fyrir allt starfsfólk um Farsældarlög og BBB. | Deildarstjór ar og framkvæmd astjóri | Haust 2025 | Vor 2026 | Útbúinn gátlisti til að tékka inn hvort fólk hefur farið í gegnum fræðslu og hvort verið er að útbúa og innleiða verkefnin inn á starfsstaðinn. | 90% starfsfólks hafi fengið fræðslu um farsældarlögin og BBB og þekki hlutverk tengiliða og lausnateyma. |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Kynna foreldrum barna farsældarlögin og verkefnið Betri borg fyrir börn: Upplýsa foreldra um helstu ferla, hlutverk tengiliða og hvernig verkefnið stuðlar að aukinni farsæld barna. | Hafa veggspjöld sýnileg á frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum. | Forstöðume nn | Haust 2025 | Vor 2026 | Deildarstjórar gera úttekt. | Veggspjöld séu komin upp á öllum starfstöðvum janúar 2026. |
| | Auka fræðslu og símenntun um menningarnæmi og fjölmenningu: Bjóða upp á fræðslu fyrir allt starfsfólk sem nær yfir menningarnæmi, menningarfærni og viðbrögð við hatursorðræðu og fordómum. | Fjölmenning til framtíðar fræðslan haust 2025. Starfsstaðir leiti líka til MML og MEMM eftir fræðslu á þessu sviði. | Framkvæm darstjóri Deildarstjór ar | Haust 2025 | Vor 2026 | Fjölmenning til framtíðar fræðslan haust 2025. | Fjölmenning til framtíðar fræðslan haust hafi farið fram haustið 2025 og að fleiri starfsstaðir leiti til MML en áður. |
| | Efla listgreinar í skóla- og frístundastarfi: Auka vægi leiklistar, tónlistar og myndlistar í samræmi við niðurstöður Krakkaþings Fíusólar. | Leggja áherslu á skapandi vinnu í gegnum tónlist, dans, leiklist, sjónlist, kvikmyndalist, hönnun. | Deildarstjór ar | Haust 2025 | Vor 2026 | Deildarstjórar skoða dagskrár frístundaheimila og félagsmiðstöðva. | Fleiri dagskrárliðir á frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum tengist skapandi vinnu, tónlist, dansi, leiklist, sjónlist, kvikmyndalist og hönnun en áður. |
| | Reynslunám í Flotanum. | Kveikja áhuga og veita frekari reynslu á vettvangsstarfi á meðal félagsmiðstöðvastarfsfólks. | Verkefnastj óri forvarna | Haust 2025 | Vor 2025 | Fjöldi skráninga í Reynslunám. | Fjöldi starfsfólks sem fær reynslu í vettvangsstarfi með Flotanum sem skilar sér í almennt vettvangsstarf hjá félagsmiðstöðvum. |
| | Að nota gátlista vegna eineltis í félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum | Félagsmiðstöðvar og frístundaheimili nota gátlista eineltis markvisst í starfi | Deildarstjór ar. Forstöðume nn | Haust 2025 | Vor 2025 | Forstöðumenn spurðir í spurningavagni. | Að allar starfstöðvar noti gátlista vegna eineltis. |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjölga frístundaheimilum sem eru með virk barnaráð | Stuðningur við frístundaheimili sem ekki hafa verið með virk barnaráð. | Deildarstjór i barnastarfs | Haust 2025 | Vor 2025 | Forstöðumenn spurðir í spurningavagni. | Öll frístundaheimili séu með virk barnaráð. |
| | Að nota gátlista um heilsueflandi frístundaheimil/ félagsmiðstöðvar. | Félagsmiðstöðvar og frístundaheimili noti gátlista um heilsueflandi frístundaheimili/ félagsmiðstöðvar markvisst í starfi. | Deildarstjór ar. Forstöðume nn | Haust 2025 | Vor 2025 | Forstöðumenn spurðir í spurningavagni. | Að allar starfstöðvar noti gátlista heilsueflandi frístundaheimili/ félagsmiðstöðvar. |

## Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva komu sér saman um að leggja áherslu á að auka fræðslu og símenntun um menningarnæmi og fjölmenningu í frístundastarfinu 2025-2026 og að stuðla að meiri fjölbreytni í fyrirmyndum í starfsmannahópnum. Fræðslan Fjölmenning til framtíðar fer fram á öllum frístundamiðstöðvum haustið 2025. Eins og síðastliðin ár veður lögð áhersla á skapandi verkefni með tónlist, leiklist, kvikmyndalist, dansi og hönnun. Leikurinn verður áfram í fyrirrúmi bæði sem frjáls leikur og skipulagðir leikur. Foreldrasamstarfið verði eflt og verkefni í átt við „Foreldrahermirinn" fari fram í öllum félagsmiðstöðvum og unnið að útfærslu á Foreldrahermi í einu frístundaheimili. Hlúð verður að óformlegum samskiptum og stuðlað að betri tengslamyndun meðal barna og unglinga. Sérstök áhersla verði lögð á starf fyrir 10-12 ára hópinn í formi fræðslu og hópastarfs. Kyn- og kynjafræðsluverkefni Jafnréttisskólans verða innleidd. Verkefnið læsi allra mál heldur áfram út starfsárið og innleiðing Frístundalæsis heldur áfram í gegnum leik og skapandi starf.

## Samstarf

Frístundamiðstöðin Miðberg leggur mikla áherslu á samstarf bæði innan frístundamiðstöðvarinnar og við grunnskóla, leikskóla, Suðurmiðstöð og íþrótta- og tómstundastarf í hverfinu. Teymisvinna er mikil milli stjórnenda frístundaheimila og félagsmiðstöðva og mörg verkefni hafa sprottið upp úr því samstarfi eins og Læsi allra mál, Breiðholt got talent, frístundalæsi og vettvangsstarf. Samstarf innan Suðurmiðstöðvar er mikið og gott og er verkefni  eins og Senter, Farsæld til framtíðar, frístundatengill og 16+ sem hafa sprottið upp í þeirri samvinnu. Áhersla hefur verið á að auka samstarf við foreldra barna í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum og tilraunaverkefnið foreldrahermirinn var keyrt í Félagsmiðstöðinni Hólmaseli á síðasta ári og ætlunin er að innleiða verkefnið í öllum félagsmiðstöðvum á þessu ári og gera tilraun í einu frístundaheimili.  Forvarnarteymi og lausnarteymi eru virk í öllu skóla- og frístundastarfi í borgarhlutanum og forstöðumenn frístundaheimila og félagsmiðstöðva eiga sæti í þeim teymum.

## Jafnréttisáætlun

Aðgerðir á ábyrgð SFS og tengjast frístundastarfi í Aðgerðaráætlun Reykjavíkur í jafnréttis- og mannréttindamálum 2023-2026:

3.6.1 Miðberg uppfærir jafnréttisáætlun á 3ja ára fresti út frá gildandi jafnréttislögum á öllum starfsstöðum SFS. Áætlunum sé skilað á sama tíma og starfsáætluum. Framkvæmdastjóri og Deildarstjórar bera ábyrgð á að jafnréttisáætlun. sé uppfærð, stjórnendur sæki námskeið og allt starfsfólk þekki verkefæri og gögn sem komi að gagni við kynjajafnréttis- og hinseginfræðslu.

3.6.2 Stjórnendur Miðbergs sækja námskeið um gerð jafnréttisáætlana.

3.6.3 Tryggja að allt starfsfólk Miðbergs sé upplýst um verkfærakistu um kynjajafnréttis- og hinseginfræðslu fyrir öll skólastig auk verkfærakistu menntastefnu. Sjá hér:
https://reykjavik.is/unglingastig-verkfaerakista

3.6.5 Miðberg tryggir að fræðsla um málefni hinsegin fólks standi öllum börnum í frístundastrfi til boða. Framkvæmdastjóri og deildarstjórar tryggja að forstöðumenn viti af og þekki fræðslunaog skilji mikilvægi hennar fyrir börn.

3.6.6 Framkvæmdastjóri og deildarstjórar skipuleggja og hvetja starfsstaði Miðbergs til að taka þátt í jafnréttis og mannréttindadögum í kringum 20. nóvember.

3.6.7 Starfsstaðir Miðbergs tryggja  þátttöku allra starfstaða í Viku6.

3.6.9 Forstöðumenn Miðbergs hvetja þá sem sitja með þeim að tryggja fræðslu frá forvarnarteymum grunnskóla í öllum árgöngum og fyrir allt starfsfólk (Forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni).

3.6.10 Efla samstarf ráðgjafateymis og lausnateymis með fundi til að skoða samlegð.

3.6.11 Efla kynfræðslu sem forvarnarstarf með því að fjölga starfsstöðum í kynfræðsluverkefni.

3.6.12 Tryggja þekkingu stjórnenda og starfsfólks um rétt barna til að skilgreina kyn sitt og að þau njóti viðurkenningar á sínu kyni (kynvitund), m.a. með skýru verklagi og fræðslu.